

## Lið 1 skal fylla út í lok viðtals. Hina liðina skal fylla út í viðtali.

### 1. Sýnileg depurð

Lækkað geðslag, sem kemur fram í tali, svipbrigðum og líkamsburði sjúklings. Stigun skal byggja á alvarleika og stöðugleika einkenna í viðtali.

- 0 Engin depurð.
- 1
- 2 Dapurlegt útlit, en einkenni hverfa öðru hvoru í viðtali.
- 3
- 4 Stöðugt dapur í viðtali.
- 5
- 6 Mikil og viðvarandi depurð og örvænting.

### 3. Innri spenna

Óþægileg innri spenna, órói, kvíði og ofsakvíðaköst. Stigun skal fara eftir styrkleika og tímalengd einkenna og þörf á stuðningi.

- 0 Rólegur. Aðeins aðkenning af innri spennu.
- 1
- 2 Af og til óþægileg innri spenna og vægur óróleiki.
- 3
- 4 Viðvarandi innri spenna eða slæm kvíðaköst sem sjúklingur ræður illa við.
- 5
- 6 Stöðug hræðsla og kvíði. Tíð ofsakvíðaköst.

### 2. Depurð

Mat sjúklings á eigin geðslagi án tillits til ytri tjáningar þunglyndis. Spyrja skal um lækkað geðslag, uppgjöf, hjálparleysi og vonleysi. Stigun skal fara eftir styrkleika, tímalengd og að hve miklu leyti ytri aðstæður hafa áhrif á einkenni. Við hækkað geðslag skal gefa 0 stig.

- 0 Geðslag að mestu eðlilegt. Vanlíðan sjaldan og einungis af skiljanlegum orsökum.
- 1
- 2 Oftast depurð en eðlileg líðan af og til.
- 3
- 4 Stöðug depurð. Geðslag breytist lítt af ytri aðstæðum.
- 5
- 6 Stöðugt mikil depurð og örvænting.

### 4. Minnkaður nætursvefn

Mat sjúklings á lengd og gæðum svefns miðað við eðlilegt ástand.

Við aukinn svefn skal gefa 0 stig.

- 0 Eðlilegur svefn.
- 1
- 2 Vægir erfiðleikar við að festa svefn. Svefn aðeins styttri, grynri eða órólegri en venjulega.
- 3
- 4 Svefntími stytur eða rofinn um a.m.k. 2 klukkustundir.
- 5
- 6 Innan við 2 - 3 klukkustunda svefn á nóttu.

## 5. Minnkuð matarlyst

Breytingar á matarlyst miðað við eðlilegt ástand.

- 0 Matarlyst eðlileg eða aukin.
- 1
- 2 Matarlyst sæmileg eða vægt minnkuð.
- 3
- 4 Lítil matarlyst. Matur er bragðdaufur. Sjúklingur þarf að neyða sig til þess að borða.
- 5
- 6 Sjúklingur þarfnast hvatningar eða hjálpar við að borða.

## 8. Minnkuð tilfinningaviðbrögð

Minnkaður áhugi á umhverfi og athöfnum sem veita venjulega ánægju. Hæfni til eðlilegra tilfinningaviðbragða gagnvart umhverfi og fólki er minnkuð.

- 0 Eðlilegur áhugi á umhverfi og fólki.
- 1
- 2 Minnkuð hæfni til þess að gleðjast og reiðast.
- 3
- 4 Áhugaleysi gagnvart umhverfi. Minnkuð tilfinningaviðbrögð gagnvart vinum og kunningjum.
- 5
- 6 Tilfinningalega lamaður. Getur ekki fundið fyrir reiði eða sorg. Tilfinningaleysi gagnvart nánum vinum og ættingjum.

## 6. Einbeitingarerfiðleikar

Allt frá vægum einbeitingartruflunum til alvarlegs hamlandi einbeitingarleysis. Stigun tekur mið af styrkleika og tíðni einbeitingartruflana.

- 0 Engir einbeitingarerfiðleikar.
- 1
- 2 Vægir einbeitingarerfiðleikar af og til.
- 3
- 4 Erfiðleikar með einbeitingu og stöðugt skert athygli sem truflar lestur eða samræður.
- 5
- 6 Stöðugt hamlandi einbeitingarleysi.

## 9. Þunglyndishugsanir

Sektarhugmyndir, minnimáttarkennd, sjálfsásakanir, eftirsjá og hugsanir um veraldlega fátækt.

- 0 Engar þunglyndishugsanir.
- 1
- 2 Öðru hvoru hugsanir um ráðaleysi, sjálfsásakanir og minnimáttarkennd.
- 3
- 4 Stöðugar rökstuddar sjálfsásakanir eða hugmyndir um sekt og synd. Mikil svartsýni.
- 5
- 6 Ranghugmyndir um veraldlegt tjón eða ófyrirgefanlegar syndir. Fráleitir sjálfsásakanir.

## 7. Framtaksleysi

Skortur á frumkvæði og erfiðleikar við að framkvæma athafnir daglegs lífs.

- 0 Engir erfiðleikar eða tregða við athafnir daglegs lífs.
- 1
- 2 Nokkrir erfiðleikar við að hefja athafnir daglegs lífs.
- 3
- 4 Erfiðleikar við að hefja og framkvæma einfaldar daglegar athafnir.
- 5
- 6 Ekkert frumkvæði. Sjúklingur þarf hjálp við allar athafnir daglegs lífs.

## 10. Sjálfsvígshugsanir

Hugsanir um að lífið sé tilgangslaust, dauðaóskir, sjálfsvígshugsanir og undirbúningur sjálfsvígs.

- 0 Enginn lífsleiði.
- 1
- 2 Lífsleiði. Öðru hvoru sjálfsvígshugsanir.
- 3
- 4 Vill helst deyja. Tíðar sjálfsvígshugsanir. Lítið á sjálfsvíg sem mögulega lausn en engar formaðar sjálfsvígsáætlanir til staðar.
- 5
- 6 Ákveðnar áætlanir um sjálfsvíg og undirbúningur þess hafinn.